

# Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil október - desember 2013

## Rafræn skil á fjármagnstekjuskattí

Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, er hægt að gera full skil á fjármagnstekjuskattí. Undir liðnum Vefskil er valið Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form til útfyllingar. Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil.

Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda. Skila skal núllskýrslu þrátt fyrir að engar skattskyldar greiðslur hafi átt sér stað á tímabilinu.

## Fjármagnstekjuskattur er 20%

### Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Ef úthlutaður arður er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins, gilda sérreglur um skattalega meðferð á arðgreiðslum til þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald. Nánari upplýsingar eru á rsk.is.

### Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamíðlurum, eignarleigu-fyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörluaðlum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

### Sundurliðun upplýsinga

Vakin er athygli á því að frá og með 1. apríl 2013 ber skilaskyldum aðilum að gera sundurliðaða grein fyrir fjármagnstekjum og afdreginni staðgreiðslu á hverjum

ársfjórðungi. Sundurliðun vegna fjórða ársfjórðungs ársins 2013 skal gerð við skil með gjalddaga í janúar.

### Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekju-skatts á fjórða ársfjórðungi 2013 er 20. janúar 2014 en eindagi er 4. febrúar.

**Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.**

### Peir sem ekki skila rafrænt

Á rsk.is er hægt að nálgast skilagrein RSK 5.19 til að skila fjármagnstekjuskattí.

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; staðgreiðsla af arði og staðgreiðsla af vöxtum, auk þess sem ávallt skal fylla út samtölureit. Þessari skilagrein, ásamt greiðslu, þarf að skila til innheimtumanns ríkissjóðs (ekki í banka).

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja náll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

### Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvíesar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka **skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð**.

### Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. apríl 2014 vegna tekna á ársfjórðungnum janúar - mars og eindagi 5. maí 2014.